

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík



26.júní 2012

Grænt bókhald 2011

Starfsemi fyrirtækisins.

Sorpstöð Suðurlands er byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna í Árnes- og Rangárvallasýslu. Sorpstöð Suðurlands rekur urðunarsvæði í Kirkjuferjuháleigu í Ölfusi og skrifstofu á Selfossi.

Í Kirkjuferjuháleigu hefur verið tekið á mótí sorpi sem fellur til á svæðinu frá Ölfusi í vestri til Markarfljóts í austri. Móttöku á sorpi á Kirkjuferjuháleigu var hætt 1. desember 2009.

Á vegum skrifstofunnar fer fram umhverfisráðgjöf til aðildarsveitarfélaga, fyrirtækja og almennings.

Á tímabilinu júní 2010 til júní 2011 rak SOS umhleðslustöð á gámsvæði Árborgar. Sveitarfélögin á svæðinu reka gámasstöðvar hvert í sinni byggð og annast flokkun sorps og flutning þess til urðunar. Að öðru leyti er vísað til ársskýrslu Sorpstöðvar Suðurlands sem verður gefin út eftir aðalfund í október 2012.

Urðunarsvæði í Kirkjuferjuháleigu

Starfsleyfi.

Starfsleyfisveitandi: Umhverfisstofnun. Starfsleyfi var gefið út 13. júlí 2009 en breytt 8. apríl 2010 til samræmis við úrskurð umhverfisráðuneytis.

Starfsleyfið gildir til 13. júlí 2025.

Eftirlitsaðili

Umhverfisstofnun.

Fyrirtækjaflokkur

Fyrirtækið fellur undir flokk 5, grein 4 sbr. fylgiskjal reglugerðar nr. 785/1995, þ.e. “urðunarstaðir sem taka við meira en 10 tonnum á dag eða geta afkastað meira í heild en 25.000 tonnum af óvirkum úrgangi.”.


Bókhaldstímabil

Tímabilið nær frá 1. janúar til 31. desember 2011.

Annað

Grænt bókahald Sorpstöðvar Suðurlands var kynnt og staðfest á 217. stjórnarfund SOS þann 26. júní 2012. Meðfylgjandi er yfirlýsing stjórnar, en þar sem engin starfsemi var á Kirkjuferjuháleigu árið 2011 fylgir ekki yfirlit yfir orku og hráefnanotkun né áritun endurskoðanda. Eftir aðalfund sem áformaður er í október 2012 verður UST send ársskýrsla Sorpstöðvar Suðurlands. Í viðaukum ársskýrslu er m.a. tölfræðilegt ítarefni um magn úrgangs sem fellur til á svæðinu.

Með kveðju



Guðmundur Tryggvi Ólafsson

Framkvæmdastjóri

Sorpstöð Suðurlands


Selfossi 26. júní 2012


Yfirlýsing stjórnar


Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands og framkvæmdastjóri staðfesta hér með skýrslu um grænt bókhald byggðarsamlagsins fyrir árið 2011 með undirritun sinni.


Í stjórn Sorpstöðvar Suðurlands bs.:


Gunnar Egilsson



Gunnar Þorgeirsson


Aldís Hafsteinsdóttir


Ari Thorarensen


Guðmundur Ingi Gunnlaugsson

Framkvæmdastjóri


Guðmundur Tryggvi Ólafsson